

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 2003

20. mars 2003

39

Nr. 20

LÖG

um breytingu á lögum nr. 52/1989,
um ráðstafanir gegn umhverfismengun
af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur,
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „3,00 kr.“ kemur: 3,40 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „2,20 kr.“ kemur: 2,50 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „1,60 kr.“ kemur tvívegis: 1,80 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „0,32 kr.“ kemur: 0,36 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2003.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.